GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 7. gr. samþykktar um söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

2. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 18.100 og kr. 7.900 á hvert heimili í dreifbýli Borgarbyggðar. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að sorpgjald frístundahúsa verði kr. 6.500.

Fyrir hvert aukasorpílát í þéttbýli skal greiða gjald vegna söfnunar og förgunar á sorpi kr. 8.700.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku- og flokkunarstöðvar í Borgarnesi (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við lið 08. Vélavinna og akstur í byggingarvístölu fjölbýlishúss um hver áramót. Neðangreint verð miðast við grunnvísitölu 266,6.

	kr.	
Brotmálmar	1.200	per m^3.
Brotmálmar	4.700	per tonn.
Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva)	5.900	per stk.
Timbur	700	per m^3.
Grófur úrgangur (grjót, gler, garðaúrgangur, jarðvegur o.s.frv.)	650	per m^3.
Pappír (ekki bylgjupappi)	1.750	per m^3.
Blandað pressanlegt sorp	1.750	per m^3.

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sorp á gámastöðina. Ef ekki er forflokkað greiðist 20% álag ofan á ofangreind verð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar getur gefið út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af úrgangi frá heimilum í einu án þess að greitt sé fyrir.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöðinni.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 27/2004 um söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

Borgarnesi, 3. janúar 2005.

Páll Brynjarsson bæjarstjóri.